Nr. 1072 28. nóvember 2012

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verður á 3. viðauka A:

Færslur fyrir efni með EB-tilvísunarnúmer 12 og 201 breytast, sbr. fylgiskjal I.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun ráðsins nr. 2011/84/ESB frá 20. september 2011 um breytingu á tilskipun 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að aðlaga viðauka III að tækniframförum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 17. gr. a laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 28. nóvember 2012.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

**Fylgiskjal I.**

Eftirfarandi efni með EB-tilvísunarnúmer 12 og 201 breytast með eftirfarandi hætti:

| Efni | CAS-nr. | Notkunarsvið | Leyfilegur hámarksstyrkur í snyrtivöru | Aðrar takmarkanir og kröfur | Notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir | EB-tilvísunar-númer |
|---|---|---|---|---|---|---|
| a | b | c | d | e | f | g |
| *2-Chloro-6-ethylamino-4-nitrophenol*<br>2-klór-6-etýlamínó-4-nítrófenól | 131657-78-8 | a) oxandi hárlitunarefni<br>b) hárlitunarefni, ekki oxandi | b) 3,0% | - Notið ekki með nítrósandi kerfum<br>- Hæsti leyfilegi styrkur nítrósamíns: 50 µg/kg<br>- Geymist í nítrít lausum umbúðum<br><br>a) Eftir blöndun við oxandi aðstæður skal hámarksstyrkur efnis vera 1,5% í vöru tilbúinni til notkunar | a) Merking samkvæmt 11. viðauka<br><br>a) Blöndunarhlutfall skal koma fram á umbúðum | 201 |
| *Hydrogen Peroxide*<br>vetnisperoxíð og önnur efnasambönd eða blöndur sem losa vetnisperoxíð, þar með talið karbamíðperoxíð (*carbamide peroxide*) og sinkperoxíð (*zinc peroxide*) | | a) hársnyrtivörur<br>b) húðsnyrtivörur<br>c) naglaherðir<br>d) vörur til munnhirðu þ.m.t. munnskol, tannkrem, tann-hvítunar- eða bleikingarvörur<br>e) tannhvítunar- eða bleikingarvörur | a) 12% $H_2O_2$ (40 rúmmálshlutar) bundið eða fríað<br>b) 4% af $H_2O_2$ bundið eða fríað<br>c) 2% af $H_2O_2$ bundið eða fríað<br>d) 0,1% $H_2O_2$ bundið eða fríað<br>e) 6% $H_2O_2$ bundið eða fríað | e) Má einungis selja tann-læknum. Fyrsta notkun í hverri meðferð skal framkvæmd af tannlækni, sbr. 30. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 34/2011 um heilbrigðisstarfsmenn, eða undir hans eftirliti á meðan að öryggi er tryggt. Neytandi getur síðan fengið vöru afhenta svo að ljúka megi meðferð.<br><br>Notist ekki undir 18 ára aldri. | a) Notið viðeigandi hanska<br>a), b), c) og e).<br>Inniheldur vetnisperoxíð.<br>Varist snertingu við augu. Berist efnið í augu, skolið þá strax vandlega.<br><br>e) Styrkur vetnisperoxíðs bundið eða fríað(%).<br>Notist ekki undir 18 ára aldri.<br>Má einungis selja tannlæknum. Fyrsta notkun í hverri meðferð skal framkvæmd af tannlækni, sbr. 30. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 34/2011 um heilbrigðisstarfsmenn, eða undir hans eftirliti á meðan að öryggi er tryggt. Neytandi getur síðan fengið vöru afhenta svo að ljúka megi meðferð. | 12 |